

Bókasafn Mosfellsbæjar

Ársskýrsla 2007

Bókasafn Mosfellsbæjar
Kjarna Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S:566-6822 og 566-6860
Netfang: bokasafn@mos.is
Veffang: www.mos.is/bokasafn

Marta Hildur Richter forstöðumaður
Bókasafni Mosfellsbæjar

Bókasafn Mosfellsbæjar er almenningsbókasafn sem þjónar einstaklingum og stofnunum í Mosfellsbæ. Safnið er rekið af Mosfellsbæ og samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Listasalur Mosfellsbæjar er einnig hluti af Bókasafninu.

Markmið og hlutverk almenningsbókasafna byggjast á 1. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1999:

“Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. . Þau skulu efla frjálstan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.”

Ársskýrsla 2007

Árið 2007 var mikill og ánægjulegur erill í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasalum og aðsóknarmet voru slegin á árinu. Þetta var annað heila starfsárið eftir flutninga í nýtt húsnæði og starfsemin komin í eins fastar skorður og æskilegt er. Samstarf við stjórnendur bæjarins var gott og styðjandi að vanda.

Afgreiðslutími

Afgreiðslutími bókasafnsins er frá 12-19 mánud. – föstud. og 12-15 á laugardögum allt árið.

Aðgengi er að lesaðstöðu, dagblöðum og almenningstölvum með Internetaðgangi frá kl. 08 virka daga.

Upplýsingar eru gefnar í síma frá kl. 08 virka daga. Foreldramorgnar eru á miðvikudögum frá kl. 10-12 og nýtir hinn almenni viðskiptavinur sér einnig þann tíma. Tekið er á móti grunnskólanemum og leikskólabörnum samkvæmt fyrirfram bókuðum tímum fyrir hádegi virka daga.

Listasalurinn er opin á afgreiðslutíma safnsins, en opnanir myndlistarsýninga og viðburðir og fundir alls konar ná yfirleitt fram yfir þann tíma.

Landskerfi bókasafna – Gegnir

Gegnir - Landskerfi bókasafna býður upp á mikla möguleika. Viðskiptavinir safnsins geta nú m.a. skoðað gagnagrunn safnsins úr hvaða tölvu sem er, sem tengd er Internetinu og einnig geta þeir skoðað eigin útlánastöðu, endurnýjað útlán og pantað gögn.

Aðsókn og útlán

Starfsemin hefur blómstrað og aðsókn hefur aukist. Útlán stóðu nær því í stað í stað milli ára eftir gríðarlega aukningu 7 – 11% ár eftir ár frá 1996.

Heimsóknir

Heimsóknir eru skráðar samkvæmt rafrænni talningu. Gestum hefur fjölgað ár frá ári. Ekki er talið það rennsli sem kemur gegnum Þjónustuver og um sér inngang í Listasal Þverholtsmegin:

Mán.	Heimsóknir á mánuði	Meðaltal á dag mán.-föst.
	2007 (2006)	
janúar	5.120 (4.967)	227
febrúar	5.118 (4.407)	249
mars	6.452 (6.587)	287
apríl	5.779 (5.376)	332
maí	5.846 (6.484)	285
júní	4.219 (5.062)	194
júlí	4.895 (4.892)	216
ágúst	5.846 (5.083)	260
september	4.620 (4.805)	224
október	5.431 (5.690)	230
nóvember	6.780 (5.866)	302
desember	7.006 (5.987)	361
Alls	67.112	264 (Meðaltal laugard.:135)

Heildarfjöldi heimsókna: 67.112

Meðaltal á mánuði: 5.593

Meðaltal á dag: 264

Alls 3% aukning milli áranna 2006 og 2007

Útlán

(sjá einnig fylgiskjal: Útlán 1985-2007):

Safngögn eru í margbreytilegu formi. Bækur, hljóðbækur, tímarit, dagblöð, tónlistardiskar, margmiðlunardiskar, tölvuleikir fyrir börn, DVD og myndbönd.

	Heildarútlán á mánuði			Meðaltal útlána á dag mánud. – föstud.
	2007	2006	(2005)	
janúar	6.957	6.487	(2.885)	312
febrúar	6.335	5.872	(4.275)	312
mars	6.679	6.672	(5.915)	299
apríl	5.616	5.861	(5.579)	324
maí	5.406	5.707	(5.303)	257
júní	5.774	6.633	(5.312)	275
júlí	6.425	6.767	(5.651)	288
ágúst	6.511	6.558	(6.193)	291
september	6.075	6.333	(5.913)	300
október	7.104	6.958	(6.201)	305
nóvember	6.546	6.411	(6.509)	293
desember	5.245	5.474	(5.834)	271

Heildarútlán: 74.640

Meðaltal 294 á dag þá virku daga sem opið er.

Meðaltal útlána á laugardögum eru 102 safngögn

1.093 færri útlán frá árinu áður =1.4%. Telst ekki óeðlilegt miðað við 11% aukningu árinu áður og vel við unandi.

Þar sem gögnum er skilað í samsvarandi magni má segja að um 588 safngögn séu á ferðinni daglega inn í og út úr safninu.

Bókasafn Mosfellsbæjar tekur þátt í að greiða fyrir aðgang landsmanna að stafrænum gagna- og greinasöfnum um vefinn á hvar.is og Vefbókasafn.is.

Á hvar.is sóttu landsmenn, þar með taldir Mosfellingar, alls 867.421 greinar eða gagnasöfn í fullri lengd á árinu 2007.

Bókasafn Mosfellsbæjar tekur þátt í að reka Vefbókasafnið, en það heimsóttu 360.538 landsmenn á árinu 2007, þar með taldir Mosfellingar.

Fleiri viðskiptavinir sjálfbjarga

Viðskiptavinir safnsins geta fengið sérstakt aðgangsnúmer að kerfinu og fylgst með viðskiptum sínum við safnið í tölvu heima hjá sér, eða annars staðar. Þannig geta þeir endurnýjað lán tvisvar á netinu ef gagnið er ekki pantað. Einnig er boðið upp á endurnýjun í gegnum síma.

Almenningur hefur tileinkað sér tækni í auknum mæli, og hefur meiri þekkingu en áður til að bjarga sér innan safnsins.

Vegna þessa og hentugra húsnæðis og vegna hagræðingar og endurskipulagningar á vinnutíma starfsmanna, þurfti ekki að bæta við starfsfólki þegar flutt var á Torg Kjarna. Enn eykst aðsókn í bókasafnið og útlánnum hefur fjölgað mjög mikið milli ára frá 1996. Umsvif Listasalar hafa aukist og eftirspurn er umtalsverð og vaxandi. Sveitarfélagið verður einnig fjölmennara með hverju árinu. Það líður því óhjákvæmilega að því að bæta þurfi við stöðuhlutfalli því álag á starfsmenn er orðið meira en góðu hófi gegnir..

Þráðlaust net. Heitur reitur – Hot spot

Í bókasafninu er þráðlaust Internet. Inn á það tengjast tvær leitartölvur í Gegni, þrjár almenningstölvur safnsins og Skólavefstölva. Safngestir geta einnig komið með sínar eigin tölvur og tengst Netinu endurgjaldslaust. Þetta hefur mælst vel fyrir, sérstaklega hjá námsmönnum. Einnig er hægt að fá aðgang að Netinu í almenningstölvum safnsins og er aðgangur ókeypis fyrsta klukkutímam. A.m.k. 400 manns nýttu sér það á árinu, um helmingurinn erlendir ríkisborgarar.

Kaffi í tímaritahorni

Safnið hefur boðið safngestum upp á kaffisopa. Hefur það verið vel þegið. Vélin er staðsett við tímaritahillurnar og safngestir fá sér gjarnan kaffisopa meðan þeir kíkja í blöð og bækur. Mikið hefur verið spurt um almennilegt "Bókakaffi" í líkingu við Súfistann og finnst bæjarbúum að slíkan stað vanti sárlega í bæinn. Með samþykki bæjarstjóra lét forstöðumaður teikna drög að "kaffihúsi". Þar er gert ráð fyrir Bókakaffi á Torginu við Þjónustuver bæjarins, innangengt úr Bókasafninu og afgreiðslumöguleikar út á Torgið. Torgið er stórt og engum til gagns eða gleði eins og er. Málið er í skoðun hjá stjórnendum bæjarins.

Skólavefurinn og uppgröftur að Mosfelli

Sérstök tölva er opin inn á Skólavefinn, sem er fyrst og fremst ætlaður til kynningar fyrir grunnskólanemendum og foreldra þeirra. Börn nýta sér gjarnan þessa tölvu tvö eða fleiri í einu, helst til leikja.

Í safninu er einnig tölva með frásögn af fornleifauppgreftrinum að Mosfelli í myndum og talmáli ásamt sögu staðarins og sögunni af silfri Egils.

Barna- og unglिंगastarf:

Umsjónarmaður barna- og unglिंगastarfs er Helga Stefánsdóttir kennari.

Öll börn og unglिंगar yngri en 18 ára fá skírteini endurgjaldslaust, en þurfa að hafa ábyrgðarmann.

Í janúar hófst nýr þáttur í starfi Bókasafns Mosfellsbæjar. Þá hófum við samstarf við Heilsugæsluna, sem afhendir gjafabréf frá bókasafninu öllum börnum sem koma í þriggja og hálfis árs skoðun. Börnin koma með bréfið í bókasafnið og fá afhent Stafrófskver eftir

systkinin Þórarinn og Sigrúnu Eldjárn. Þetta verkefni hefur vakið mikla ánægju og hefur farið fram úr okkar björtustu vonum.

Barna- og unglingastarfið fór fram með hefðbundnum hætti - heimsóknir, sögustundir, safnkynningar, sumarlestur og aðrir viðburðir.

Samstarf við leik- og grunnskóla var með miklum ágætum á árinu.

Leikskólar:

Í byrjun árs heimsótti umsjónarmaður barna- og unglingastarfs safnsins alla leikskóla bæjarins og færði þeim að gjöf eitt eintak af Stafrófskverinu eftir Þórarinn og Sigrúnu Eldjárn.

Sögustundir fyrir leikskólabörn voru 36 sem er talsverð mikil aukning frá fyrra ári, en þó hófust sögustundir ekki fyrr en upp úr miðjum október. Þann 24. ágúst sýndi Möguleikhúsið í Listasalnum “Langafi drullumallar” fyrir fjögurra ára leikskólabörn í tilefni af hátíðinni “Í túninu heima”. 6. desember komu öll fimm ára börn og sáu leiksyninguna “Smíður jólasveinanna” í flutningi Möguleikhússins. Í hvort skipti komu milli 120 og 130 börn og fór allt hið besta fram.

Fyrir utan þessar skipulögðu uppákomur og heimsóknir koma leikskóladeildir í safnið og fá að láni safnefni.

Grunnskólar:

Um haustið heimsótti umsjónarmaður barna- og unglingastarfs safnsins að venju alla 6 ára bekkir, spjallaði við börnin og færði þeim bréf, þar sem þeim var boðið að koma í bókasafnið og fá sitt eigið lánþegaskírteini.

6 ára bekkir Varmárskóla komu síðan í sögustund og fengu fræðslu um safnið.

Allir 3. bekkir, alls 6 bekkir, komu í safnkynningu. Safnkynning nær yfir tvær kennslustundir og fá nemendur fræðslu um það safnefni sem í boði er og læra á uppröðun skáldsagna. Eins taka þeir þátt í bókmenntagetraun safnsins.

Allir 4. bekkirnir einnig 6 að tölu komu í safnkynningu. Þeir fá líka fræðslu um safnið, læra á fræðiritin og að leita að safnefni í tölvu. Einnig taka þeir þátt í bókmenntagetraun safnsins.

Allir 5. bekkirnir komu á rithöfundakynningu í mars. Guðrún Helgadóttir las úr verkum sínum og spjallaði við nemendur. Nemendur undirbjuggu sig með spurningum, og slíkar kynningar eru alltaf mjög skemmtilegar stundir.

Í lok maí heimsótti umsjónarmaður barna- og unglingastarfs alla nemendur í 2., 3. og 4. bekkjum skólanna og kynnti sumarlesturinn. Nú var þema sumarlestrarins fuglar.

Þátttakendum fjölgaði um 20 frá síðasta sumri. Alls tóku 88 börn þátt í sumarlestrinum.

Uppskeruhátíð var í safninu 22. ágúst og viðurkenningar afhentar öllum þátttakendum.

Ljóst er að sumarlesturinn er kominn til að vera.

Nemendur í myndlistarvali í unglingsdeildum skólanna voru með tvær myndlistarsýningar í nóvember og fram í desember. Geysilega fínar sýningar sem voru virkilega fjöður í hatt þessara ungmenna.

Landsfundur Þallar var að þessu sinni haldinn á Akureyri um miðjan maí. Hann stóð í 2 daga og var mikil áhersla lögð á unglingsstarf bókasafnanna. Í framhaldi af þeirri vinnu verðum við með bókmenntakynningu fyrir 10. bekkir beggja skólanna í febrúar 2008.

Útvarpsleikhúsið/RÚV stóð fyrir "frumsýningu svakamálaleikritsins" Mæju Spæju eftir Herdís Egilsdóttur fyrir ungu kynslóðina í júlí í samvinnu við almenningsbókasöfn landsins, m.a. Bókasafn Mosfellsbæjar. Var fyrsti hluti fluttur á samhæfðum tíma í söfnunum. Dagurinn var haldinn hátíðlegur með blöðrum og litasamkeppni, þar sem

börnum var boðið að taka þátt í verðlaunasamkeppni um litaðar myndir af Mæju Spæju. Uppákoman mæltist vel fyrir og krakkarnir skemmtu sér hið besta.

Þjónusta við eldri borgara

Allir 67 ára og eldri fá skírteini endurgjaldslaust.

Farið er með bækur og tímarit einu sinni í viku á Opið hús á Hlaðhömrum. Starfsmaður safnsins er þar í eina og hálf klukkustund, lánar út og tekur á móti safngögnum.

Í nóvember og desember bauð bókasafnið eldri borgurum í fyrsta skipti upp á sérstakar bókakynningar og bókasjall á opnu húsi á þriðjudögum. Bókasafnið réð hinn kunna útvarpsmann Sigurð G. Tómasson til verksins og er ekki ofsögum sagt að hann hafi slegið í gegn.

Eldri borgurum var boðið að halda hinn árlegan jólabasar sinn í húsakynnum

Listasalarins og Bókasafnsins laugardaginn 8. desember. Var basarinn mjög vel sóttur.

Eldri borgarar og varningur þeirra, tónlistarmenn og viðskiptavinir safnsins og basarsins troðfylltu bókasafnið. Var mikið fjör og góð sala.

Bókmenntakvöld

Bókmenntakvöld var haldið 14. nóvember. Borðum og stólum var raðað upp í safninu sjálfu með kertaljósum í kaffihússtíl. Gestum var boðið upp á kaffi, rauðvín, vatn eða gos og piparkökur. Stemningin var frábær og einstaklega vel mætt. Rithöfundarnir sem mættu og lásu úr verkum sínum að þessu sinni voru:

Alma Guðmundsdóttir og Freyja Haraldsdóttir með bókina um Freyju; Postulín, Bergþór Pálsson með bók sína Vinafundur, Jón Kalman Stefánsson með bók sína Himnaríki og helvíti, Vigdís Grímsdóttir og Jónína Björk Ólafsdóttir (Bíbí) með bókina Sagan af Bíbí Ólafsdóttur og Kristín Marja Baldursdóttir með seinna bindi sögunnar um Karitas; Óreiða á striga.

Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur stýrði umræðum af tærri snilld og beindi spurningum til rithöfundanna eftir að þeir höfðu lesið úr bókum sínum. Um 120 manns voru á þessu bókmenntakvöldi sem er metaðsók og þótti einstaklega vel til takast.

Nýtt hátalarakerfi safnsins virkaði vel.

20 ára afmælishátíð Mosfellsbæjar

Í tilefni 20 ára afmælis Mosfellsbæjar þann 9. ágúst var sérstök hátíðardagskrá haldin í Bókasafninu. Allir bæjarbúar voru boðnir velkomnir auk u.þ.b. 60 sérstakra boðsgesta. Hátíðin hófst með tónlistarflutningi og síðan var hátíðarfundur bæjarstjórnar. Að fundinum loknum var opnuð sýning í Listasalnum á ljósmyndum úr safni héraðsblaðsins Mosfellings. Loks var dagskrá í töluðu máli með söng og hljóðfæraleik: "...og fjöllin urðu kyr". Boðið var upp á léttar veitingar. Dagskráin var glæsileg og upphaf bæjarhátíðarinnar "Í túninu heima".

Þjónustan almennt

Þjónusta safnsins samræmist lögum um almenningsbókasöfn og markmiðum safnsins.

Allir eiga jafnan og greiðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti í aðgengilegu húsnæði.

Hægt er að komast á Internetið úr tölvum safnsins eða með því að tengja eigin tölvu gjaldfrítt þráðlausu neti safnsins.

Gegn framvísun eigin skírteinis er hægt að fá safngögn að láni: Bækur, tímarit og tónlist ásamt fræðslumyndum á DVD/myndböndum og kvikmyndum á myndböndum. Gegn vægu gjaldi fást leigðar valdar kvikmyndir og barnaefni á DVD.

Samningar veita Mosfellingum aðgang að safnkosti Borgarbókasafns og Bókasafni Seltjarnarness og er hægt að panta safngögn þaðan. Skírteini keypt í Bókasafni Mosfellsbæjar gildir einnig í Borgarbókasafni og Bókasafni Seltjarnarness – og öfugt. Með nýja kerfinu opnaðist leið fyrir lánþega að hafa yfirsýn yfir útlánstöðu sína, panta gögn og framlengja útlán gegnum netið, allt að tvisvar sama safngagnið.

Safngestir geta sest niður víða í safninu, unnið verkefni eða kíkt í bækur, tímarit og dagblöð, skoðað sýningar og spjallað yfir kaffibolla.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við börn og unglunga í samvinnu við grunn- og leikskóla bæjarins. Einnig er komið til móts við eldri borgara með útlánunum á Opnu húsi að Hlaðhömrum, bókaspjalli o.fl.

Bókasafnið stóð fyrir bókmenntakynningum o.fl. uppákomum fyrir börn og fullorðna. Listasalurinn hefur einnig verið lánaður undir ýmsa menningarviðburði.

Í Listasal Mosfellsbæjar var boðið upp á margar myndlistarsýningar gjaldfrjálst. Einnig var boðið upp á tónleika á vegum bæjarins eða einstaklinga.

Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn

Þessi málaflokkur heyrir undir stjórnsýslusvið og hefur verið nokkuð í lausu lofti.

Í bókasafninu er vísir að upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn yfir sumartímenn. Þantaðir voru ýmsir bæklingar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Bæklingarnir voru bæði á landsvísu og svo einnig um ýmsa þjónustu við ferðamenn sem í boði er í bæjarfélaginu. Auk þess fengu ferðamenn aðgang að Internetinu í safninu og upplýsingar um gagnlegar vefslóðir, t.d. með upplýsingum um veður og færð.

Samvinna var við Þjónustuver Mosfellsbæjar m.a.við endurskoðun texta í ferðamannahandbókina *Around Iceland 2006*. Einnig var samvinna við endurskoðun upplýsingakorts um Mosfellsbæ á íslensku og ensku fyrir ferðamenn, sem loks komst í gagnið eftir erfiða fæðingu. “A part of the Journey” bæklingurinn er bæði fallegur og gagnlegur en margt í honum er orðið úrelt og því ekki hægt að nota hann fyrir en hann hefur verið uppfærður. Ekki er ljóst hver á að sjá um það. Greinilegt er að marka þarf einhverja stefnu í þessum málum og deila niður verkefnum og ábyrgð.

Starfsmenn

Starfsmenn voru tíu í 5.35% stöðugildum auk ræstitækis í 50% starfi. Þeir voru: Auður Hermannsdóttir (lét af stöfum 31. ágúst), Gunnar Helgi Guðjónsson, Helga Jónsdóttir, Helga Elísabet Jónsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Hildur Jörundsóttir, Hlín Gylfadóttir, Inga Rún Helgadóttir (lét af störfum 31. ágúst), Jóna Margrét Guðmundsdóttir, Marta Hildur Richter, Sigurbjörg Pálsdóttir (hóf störf 1. sept.), Sólrún Una Þorlákssdóttir (hóf störf 1. sept.) og Þórarinn Jónsson ræstitæknir. Forstöðumaður var í fullu starfi, tveir bókasafnsfræðingar, annar í fullu starfi og hinn í hálfu starfi, sinntu tengingu og skráningu í Gegni og upplýsingaþjónustu. Kennaramenntaður umsjónarmaður barna- og unglíngastarfs var í hálfu starfi og fjórir þjónustufulltrúar á bókasafni í hlutastörfum, þar af tveir námsmenn í 20% starfi hvor.

Pá skiptu tveir listmenntaðir starfsmenn með sér einni stöðu vegna aukinna umsvifa Listasalarins. Gafst það mjög vel, en er nokkuð á kostnað almennrar starfsemi bókasafnsins. Þess skal getið að allir starfsmenn sinna afgreiðslu ásamt sérverkefnum sínum, líka þeir sem sinna listasalum. Forstöðumaður safnsins Marta Hildur Richter var í 75% námsleyfi á vorönn og 25% á haustönn og stundaði diplómanám í opinberri stjórnsýslu við H.Í. Til þess að mæta því var ráðinn til viðbótar bókasafnsfræðingur í 50% starfshlutfall til hausts og Helga Jónsdóttir staðgengill forstöðumanns tók við daglegri stjórnun safnsins á meðan.

Fundir og námskeið

Starfsmannafundir voru mánaðarlega á árinu og telja starfsmenn þá ómissandi. Í byrjun september héldu starfsmenn bókasafnsins stífan vinnufund í Glym í Hvalfirði. Þessir vinnufundir að haust eru afar gagnlegir og ómissandi undirbúningur fyrir vetrarstarfið. Hófst fundur þar kl. 09.00 og lauk kl. 18.15. Að honum loknum snæddu starfsmenn saman og slökuðu á áður en haldið var heim. Starfsmenn safnsins sóttu ýmis námskeið á árinu svo sem í bókaviðgerðum og frágangi safngagna, námskeið í notkun Gagnis hjá Landskerfi bókasafna og fræðslufundi Upplýsingar. Umsjónarmaður barna- og unglingastarfs fór á tveggja daga landsfund þallar á Akureyri um miðjan maí. Verkefnisstjóri vinabæjasamstarfs fór á tveggja daga vinnufund í Skien í Noregi í október. Forstöðumaður safnsins fór á tveggja daga fund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna í Reykjanesbæ í maí og dagsfund samtakanna á Akranesi í október.

Starfsmannaviðtöl

Forstöðumaður tók starfsmenn í starfsmannaviðtöl númer þrjú á jafn mörgum árum. Rædd voru ýmis mál og starfsmenn virtust sáttir við starfið, aðstöðuna, aðra starfsmenn safnsins og sig sjálfa. Forstöðumaður er mjög ánægð með starfsmenn safnsins.

Listasalur Mosfellsbæjar

Enn jukust umsvif Listasalar Mosfellsbæjar. Hann var að stærstum hluta verið í umsjón Hlínar Gyldadóttur og Gunnars Helga Guðjónssonar starfsmanna safnsins. Nemendatónleikar Listaskóla Mosfellsbæjar eru fastir liðir í starfsemi Listasalarins og hélt Listaskólinn fjölda nemendatónleika í salnum bæði vor og haust. Á vegum bæjarins voru haldnir alls kyns fundir og námskeið í Listasal. Öll svið bæjarins héldu einhverja kynningar- og fræðslufundi og námskeið fyrir bæjarstarfsmenn og aðra, m.a. foreldra. Móttökur voru af ýmsu tagi, m.a. vegna heimsókna ráðherra og alþingismanna í mars. Jólabaasar eldri borgara, leiksýningar, rithöfundakynningar og aðrar uppákomur fyrir börn og unglinga voru í Listasalnum, sjá barna- og unglingastarf. Frjáls félagasamtök héldu fundi í Listasal og Náttúrufræðifélag Mosfellsbæjar hélt t.d. stofnfund sinn þar. Íprótta- og tómstundaráð veitti viðurkenningar til íþróttamanna í salnum o.fl.

Myndlistarsýningar:

Sýningu nemenda í myndlistarvali Lágafellsskóla og Varmárskóla *Í fótspor listamanna* lauk 5. janúar.

Sýning Bryndísar Brynjarsdóttur, *Hið óendanlega rými og form*, var opnuð 20. janúar og stóð til 17. febrúar.

Bóklíst - listbókbandssýning Ragnars Einarssonar og Guðlaugar Friðriksdóttur var opnuð 24. febrúar og stóð til 20. mars. Þau færðu bókasafninu að gjöf bókina Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár, listilega innbundna.

Jóhann Hjálmarsson var kjörinn bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2006-2007. Af því tilefni var haldin ljóðaveisla "*Mig hefur dreymt þetta áður*" honum til heiðurs, 20. mars í Listasalnum. Karl Möller og félagar spiluðu, Kristbjörg Kjeld leikkona las, Þröstur Helgason bókmenntafræðingur flutti erindi um Jóhann og leskór nemenda Lágafellsskóla flutti ljóð.

Sjómílnaskór – myndlistarsýning sjö ungra myndlistarmanna sem tengjast Mosfellsbæ á einn eða annan hátt var opnuð 31. mars og stóð til 28. apríl. Myndlistarmennirnir eru: Berglind Jóna Hlynisdóttir, Eyþór Árnason, Heiða Harðardóttir, Ingibjörg Birgisdóttir, Oddvar Örn Hjartarson, Unnar Örn Auðarson og Þórdís Aðalsteinsdóttir.

Bergsteinn Ásbjörnsson opnaði sýningu sína *Bönd* þann 9. júní og stóð sýningin til 28. júlí.

Á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar þann 9. ágúst var hátíðardagskrá í boði bæjarstjórnar í Bókasafninu. Hluti af hátíðardagskránni var opnun sýningar í Listasal á ljósmyndum úr bæjarblaðinu Mosfellingi *Mosfellingar samtímans*. Sýningin stóð til 26. ágúst.

1. september var opnuð myndlistarsýning Jóhannesar Dagssonar, *Textaskeyti*. Sýningin stóð til 29. september.

Sýningin *Femme* var opnuð 6. október. Sýningin var samsýning fjögurra listakvenna.

Þær eru: Arna Gná Gunnarsdóttir, Jeannette Castioni, Kristjana Rós Guðjohnsen og Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir. Sýningin stóð til 3. nóvember.

Norrænt samstarfsverkefni - sýningin *Trilógía* samnorræn sýning á verkum grunnskólanemenda var opnuð þann 10. nóvember og stóð til 24. nóvember.

Sýning nemenda í myndlistarvali grunnskólanna *Sjálfsmyndir í anda gamalla meistara* var opnuð 28. nóvember og stóð til 8. desember.

Hrönn Helgadóttir opnaði myndlistarsýningu sína þann 15. desember og stóð hún til 12. janúar 2008.

Aðrir viðburðir í Bókasafninu

Nefnt hefur verið hið vel heppnaða bókmenntakvöld.

26. ágúst voru tónleikar í Listasalnum. Ólafur Arnalds hljómborðsleikari lék með félögum sínum af alkunnri sníld. Tónleikarnir voru hluti af dagskrárliðum bæjarhátíðarinnar "Í túninu heima".

Kammerkór Mosfellsbæjar hélt tónleika í Bókasafninu í lok apríl og Álafosskórinn hélt einnig tónleika í safninu 9. maí. Hillustæður á hjólum voru færðar til og raðað upp pöllum og stólum.

Bjarnveig Höskuldsdóttir sýndi penna úr safni sínu, en alls á hún 2000 penna. Sá sem næst komst að geta upp á fjölda penna í einni krukku á sýningunni fékk verðlaun frá hárgreiðslustofunni Pílu.

Hæsnastyttur í eigu Málfríðar Bjarnadóttur og Jóns M. Guðmundssonar á Reykjum voru til sýnis og vöktu verðskuldaða athygli.

Útskurðarfélagið Einstakir sýndu mótörhjól úr sautján harðviðartegundum í safninu frá nóvember 2007 og út janúar 2008. Vakti hjólið mikla athygli enda einstök listasmíð.

Skátafélagið Mosverjar áttu 100 ára afmæli á árinu. Félagið hélt sýningu í bókasafninu og sýndi ýmsa gamla muni, myndir og búninga í eigu félagsins og félagsmanna. Bókasafnið var með kynningarbás í Íþróttahúsinu á bæjarhátíðinni "Í túninu heima".

Vinabæjasamstarf Mosfellsbæjar

Um árábil hefur umsjón með vinabæjasamstarfi bæjarins verið á herðum bókasafnsins. Helga Jónsdóttir hefur verið verkefnisstjóri þessa málaflokks og unnið með Félagsmiðstöð og Norræna félaginu að framkvæmdum með fulltingi Björns Þráins Þórðarsonar sviðsstjóra. Starfið hefur verið hefðbundið að mestu.

Unglingaverkefni vinabæjanna

Á árinu 2007 hófst starfið þannig, að í janúar voru send bréf til allra nemenda í 8. bekkjum Varmárskóla og Lágafellsskóla og þeim og fjölskyldum þeirra boðið að taka þátt í Unglingaverkefni vinabæjanna með því að hýsa einn ungling í 10 daga eða svo. Átta unglingar koma frá fjórum vinabæjum og jafnmarga gestgjafa vantar árlega. Átta gestgjöfum ársins 2006 var boðið að fara til hinna vinabæjanna sumarið 2007, að taka þátt í verkefninu þar. Allir átta sóttu um.

Verkefnið stóð yfir í júníbyrjun, og í lokin voru allir ánægðir með niðurstöður, bæði gestgjafar, gestir og utanfarar okkar.

Haustfundur í Skien í Noregi

Árlegur vinnufundur var að þessu sinni haldinn í Skien í Noregi dagana 18.-19. október 2007. Frá Mosfellsbæ fóru fjórir þátttakendur, Hafsteinn Pálsson frá bæjarstjórn, Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir kennari Varmárskóla, Hanna Bjartmars Arnardóttir formaður Norræna félagsins í Mosfellsbæ og Helga Jónsdóttir verkefnisstjóri.

Á þessum fundi var aðallega rætt um fyrirhugað vinabæjamót í Mosfellsbæ 2008. Mótið verður dagana 12.-13. júní. Fulltrúar Mosfellsbæjar lögðu fram lista yfir þemahópa sem ráðgert er að vinna á mótinu. Margt var rætt og einna mest um þema unglunga á mótinu. Ítarleg fundargerð var rituð og hefur hún verið lögð fyrir menningarmálanefnd.

Þá var rætt um unglingaverkefni sumarsins 2007, sem hafði gengið mjög vel alls staðar. Í kjölfarið voru umræður um annars konar verkefni með unglingum, eldri en nú eru, og eins var rætt um styrkveitingar Evrópusambandsins. Þessi umræða var þó aðallega til kynningar. Af hagkvæmnisástæðum var fundurinn var ekki samhuga um að hætta við það sem nú er í gangi og taka upp nýtt fyrirkomulag.

Vinabæjamót í Mosfellsbæ 12. -13. júní 2008

Á bæjarhátíðinni "Í túninu heima" í ágúst var sérstakur bás tileinkaður vinabæjastarfi og þar var kynnt væntanlegt vinabæjamót í Mosfellsbæ í júní 2008. Sérstökum kynningarbæklingi um mótið var dreift þar. Undirbúningsvinna fyrir vinabæjamótið í júní 2008 hófst síðan fyrir alvöru hjá starfsmönnum bókasafnsins í nóvember 2007.

Mosfellsbær í febrúar 2008

Marta Hildur Richter forstöðumaður

Bókasafni Mosfellsbæjar